

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 28. nóvember kl. 11:20 var haldinn 99. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fjárhagsáætlun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2009, drög 26.11. 2009.

Kjartan Magnússon tók sæti á fundinum kl. 11:40.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sitja hjá.

Bókun stjórnar:

Í ljósi óvissu í efnahagslífinu og þar með óvissu um forsendur áætlunarinnar, mun stjórn Orkuveitu Reykjavíkur taka áætlunina til endurskoðunar ekki síðar en í marsmánuði 2009. Stjórn mun funda tíðar á næstu vikum.

2. Ástandið í íslensku efnahagslífi og ástand á fjármálamörkuðum.

Forstjóri gerði grein fyrir þeim aðgerðum sem fyrirtækið hefur gripið til vegna óvissu í efnahagslífinu og sagði frá fjölmennum fundi með starfsfólki OR þar sem fram kom sú stefna að fyrirtækið hygðist standa vörð um atvinnuöryggi starfsmanna svo sem nokkur kostur er.

Umræður.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar:

Í ljósi ástandsins í efnahagsmálum þjóðarinnar, stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og þess endurmats á útgjöldum sem nú fer fram á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, samþykkir stjórn Orkuveitunnar að fram fari endurskoðun á launum stjórnenda fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Jafnframt er vísað til aukinnar umræðu í samfélaginu um gagnsæi, ábyrgð og sanngirni.

Samþykkt.

4. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fella úr gildi prókúru Kjartans Magnússonar og Ólafar S. Pálsdóttur. Prókúruhafar fyrirtækisins verði Hjørleifur B. Kvaran, forstjóri, og Anna Skúladóttir, framkvæmdastjóri fjármála.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

5. Önnur mál.

- 2. liður fundargerðar stjórnar frá 21. nóvember leiðréttur með samþykki stjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:28

Guðlaugur G. Sverrisson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.